

Nd.

21. Frumvarp til laga

[21. mál]

um breyting á lögum nr. 46 1954, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

H-liður 4. tölul. 7. gr. laganna orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa að sjá sér fyrir fæði, svo og nauðsynlegan dvalarkostnað annarra launþega, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimilum sínum, og við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda. Enn fremur skal draga frá tekjum sjómanna á fiskiskipum 600 kr. á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar.

2. gr.

Á eftir m-lið 4. tölul. 7. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

Við ákvörðun á skattskyldum tekjum íslenzkra sjómanna á fiskiskipum skal telja $\frac{1}{3}$ hluta þess kaups, sem þeir hafa aflað sem sjómenn á íslenzku fiskiskipi, sem skattfrjálsan kauphluta.

Atvinnurekendur skulu við kaupuppgjör á tekjum til skattayfirvalda tilgreina, hvort nokkur hluti tekna telst sjómannstekjur samkv. 1. málsg.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skattaálagningu 1955 á tekjur ársins 1954.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er í höfuðatriðum samhljóða frumvarpi, sem flutt var á síðasta Alþingi af Lúðvík Jósefssyni um skattfríðindi sjómanna á íslenzkum fiskiskipum. Þá eru og teknar með í þetta frumvarp breytingartillögur, sem flm. voru með í að flytja á síðasta Alþingi, við lög um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Eins og 1. gr. frumvarpsins ber með sér, er tilgangur hennar að veita hlutar-sjómönnum, sem sjá sér sjálfir fyrir fæði, svo og þeim launþegum, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimilum sínum, skattaívilnun vegna aukinna útgjalda, sem óhjákvæmilega hljóta að fylgja því að sækja atvinnu til annarra landshluta. Má þar til nefna mikinn ferðakostnað, dýrt fæði og húsnæði og fleira þess háttar. Í sömu grein er gert ráð fyrir, að sjómenn á fiskiskipum fái til frádráttar frá tekjum sínum til skatts 600 kr. á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar í stað 200—300 kr. frádráttar, sem er í núgildandi skattalögum.

2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, að sjómenn á íslenzkum fiskiskipum njóti þeirra fríðinda að mega draga $\frac{1}{3}$ hluta af sjómannskaupi sínu frá brúttótekjum fram töldum til skatts. Ákvæði þetta mun, ef að lögum yrði, létta talsvert skattgreiðslur hlutaðeigandi manna.

Meginástæðan til þess, að rétt þykir að veita fiskimönnum skattaívilnun fram yfir aðra, er, að reynslan sýnir, að verra hefur verið að fá menn til þeirra starfa en flestra annarra.

Því verður ekki neitað, að tekjur sjómanna, sem oft og tíðum verða að dveljast langan tíma fjarri heimilum sínum, reynast ódrýgri en tekjur þeirra, sem vinna heima hjá sér og geta notað fristundir sínar til fyrirgreiðslu og umönnunar við heimili sín. Sjómaðurinn verður oft að kaupa heimili sínu aðstoð í fjarveru sinni fram yfir þá menn, sem geta stundað vinnu sína heima og sinnt slíku sjálfir án sérstakra útgjalda.

Á síðari árum hefur sífellt borið meira á því, að erfitt væri að fá menn til starfa á fiskiskipum. Kaup fiskimanna hefur, að minnsta kosti til skamms tíma, ekki þótt sérstaklega eftirsóknarvert og starfsskilyrði þeirra venjulega lakari en í landi. Auk þess fylgir allri sjósókn mikil slysaætta fram yfir flesta eða alla aðra vinnu.

Skortur á dugandi sjómönnum er þegar mikið áhyggjuefni þeirra manna, sem annast rekstur fiskiskipa, enda þjóðarvoði fyrir dyrum, ef ekki fást nægjanlega margir og ötulir sjómenn á fiskiskipastól landsmanna. Skattfríðindi, sem veitt yrðu fiskimönnum, æftu að vera einn þáttur í því að örva menn til starfa á fiskiskipum, enda er sjósókn íslenzku þjóðinni lífsnauðsyn.

Á þessu ári hefur töluvert áunnizt í þá átt að bæta kjör íslenzkra fiskimanna, bæði á fiskibátum og nú nýverið á togurum. Þó er ljóst, að þær hagsbætur, sem

sjómenn hafa fengið, eru ekki fullnægjandi og ekki í samræmi við hinn langa og erfiða vinnudag, sem þeir vinna við störf sín á hafi úti.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, er einn þáttur í því að bæta kjör fiskimannanna. Flm. er ljóst, að ýmislegt fleira þarf að gera til að bæta kjör íslenskra fiskimanna en felst í þessu frumvarpi, svo að hægt sé að snúa við á þeirri óheilla-braut undanfarinna ára, að fleiri og fleiri menn flýi frá framleiðslustörfum þjóðarinnar, og þá einkum fiskveiðunum, til óarðbærrar og sumpart óþjóðhollrar vinnu í landi. Íslenzkir fiskimenn eru margfalt afkastameiri við veiðiskap en stéttarbræður þeirra í öðrum löndum, sem stunda fiskveiðar í norðurhöfum. Það er því mikið alvörumál fyrir íslenzku þjóðina, ef kjarni okkar dugmiklu sjómannastéttar telur sig neyddan til að leita frá fiskveiðistörfum til tekjumeiri starfa í landi.

Skattfríðindi þau, sem frumvarp þetta hefur inni að halda til handa sjómönnum á fiskiskipaflotanum, eru aðeins smáviðurkenning til handa fiskimönnum okkar á hinu þýðingarmikla starfi þeirra og ættu að geta stuðlað að því, að dugandi menn sæju sér hag í því að gera sjómennsku að lífsstarfi sínu.

Að lokum leyfum við okkur að benda á, að samninganefndir beggja aðila við síðustu togarasamninga komu sér saman um sameiginlega yfirlýsingu um aukin skattfríðindi til handa togarasjómönnum, þar sem báðir aðilar lofuðu að vinna að því, að slík skattfríðindi nái fram að ganga.